

# Almannavarnir Árnassýslu

8. fundur Almannavarnarnefndar Árnassýslu, haldinn fimmtudaginn 3. maí  
2010 Kl: 15.30 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi

## Mætt:

Árborg	Ragnheiður Hergeirsdóttir, formaður
Grímsnes- og Grafningshreppur	Jón G. Valgeirsson, ritari
Hveragerðisbær	Aldís Hafsteinsdóttir, varaformaður
Flóahreppur	Margrét Sigurðardóttir
Hrunamannahreppur	Ragnar Magnússon
Skeið- og Gnúpverjahreppur	Gunnar Marteinsson
Bláskógabyggð	Valtýr Valtýsson
Ölfus	Guðni Pétursson
Sýslumaðurinn í Árnassýslu	Ólafur Helgi Kjartansson
Yfirlögregluþjónn	Oddur Árnason
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Magnús Skúlason
Svæðisstjórnar björgunarsveita	Þorvaldur Guðmundsson
Almannavarnir Árnassýslu	Kristján Einarsson, sem ritaði fundargerð

## Dagskrá:

### 1. Kynning á Áhættumati fyrir Árnassýslu

Farið var yfir áhættugreininguna undir stjórn Odds Árnasonar. Töluverðar umræður urðu um ýmsa þætti greiningarinnar.

Nokkur atriði komu fram sem huga mætti að, t.d. snjóflóðahætta.

Valtýr mun útvega skýrslur um snjóflóð og snjóflóðahættu á Laugarvatni.

Gunnar ræddi flóðahættu sem hugsanlega gæti skapast af eldgosum almennt.

Fram kom að fulltrúar Landsvirkjunar hafa látið kanna áhrif gosa á svæði virkjananna.

Umræður urðu um þær áætlanir sem til eru í Árnassýslu. Hópslysaáætlanir eru þar helstar, t.d. hjá HSu og fl. stofnunum, einnig Brunavarnaáætlanir.

Umræður um kynningarmál áhættumatsins.

**Samþykkt að bjóða öllum sveitarstjórnnum í sýslunni kynningu, Oddur og Kristján tilbúnir að standa fyrir þessum kynningum.**

Áhættumatið verður sett á heimasíðu Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra. Eins eru sveitarfélög hvött til að vísa í þá heimasíðu á sínum síðum.

Ítrekað var að áhættugreiningin er lifandi plagg sem ávalt verður í endurskoðun. Formaður þakkaði öllum þeim sem komu að gerð áhættumatsins kærlega fyrir þá vinnu sem þessir aðalir hafa lagt á sig við gerð hennar. Sérstaklega þakkaði hún Oddi, Ólafi Helga og Kristjáni þeirra störf.

**Fyrirliggjandi gögn Áhættumats fyrir Almannavarnir Árnassýslu samþykkt.**

2. **Skipun vinnuhóps með viðbragðsaðilum (Vettvangsstjórnir)**  
Samþykkt að skipa vinnuhóp með fulltrúum frá viðbragðsaðilum.  
Oddur mun leiða hópinn.  
Óskað verður eftir tilnefningum frá; Rauðakrossdeild Árnassýslu, HSu, Brunavörnum í sýslunni, lögreglunni, björgunarsveitum og Almanna- og Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra
  
3. **Námskeið á vegum AÁ**  
Rætt var um aðgerðarstjórnarnámskeið og annað fyrir vettvangsstjóra.  
Námskeið sem fulltrúar almanna- og Almannavarnarnefndar geta einnig sótt.  
Samþykkt að óska eftir uppsetningu á námskeiðum hjá Almanna- og Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Stefnt á námskeið í haust.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.35

Ragnheiður Hergeirsdóttir  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Jón G. Valgeirsson